

Fundargerð, 14. fundur. Stýrihópur um aukið tjáningar- og upplýsingarfrelsi.

Fundarmenn: Hörður Helgi Helgason (formaður), Elfa Ýr Gylfadóttir, Páll Þórhallsson, Elísabet Pétursdóttir (starfsmaður)

Dags: 4. febrúar 2016.

Fundargerð:

Páll Þórhallsson leiddi umræðu um uppfærð drög að frumvarpi um ærumeiðingar.

Hann fór yfir 1. gr. frumvarpsdraganna:

- PÞ taldi að orðalagið *að mati réttarins* mætti missa sín.
- Ákveðið var að breyta ekki orðalagi greinarinnar, sbr. tillögur AÁ af síðasta fundi.
- PÞ lagði til að einhverjir töluliðir úr fyrstu útgáfu frumvarpsdraganna yrðu felldir brott. EÝG lagði til að tiltekið væri í greinagerð að ekki væri um tæmandi talningu að ræða.
- PÞ upplýsti að töluliður um ábyrgðarreglur fjölmiðlalaga yrði felldur út þar sem hann taldi óþarft að tiltaka í lögum að til væru ábyrgðarreglur.
- HHH benti á að tengingarnar *og/eða* í 3. tölul. 2. mgr. 1. gr. frumvarpsdraganna, þ.e.a.s. að þær gætu verið túlkaðar á tvennan hátt. PÞ ætlaði að skoða aðrar útfærslur að orðalagi í frumvarpið.
- EÝG greindi frá að Svíar hefðu að gefið út skýrslu með tillögu að breytum að ákvæðum laga um ærumeiðingar og hefndarklám. Var ákveðið að hún myndi senda nefndinni hlekk á þessa skýrslu.

2. gr. frumvarpsdraganna:

- Engar athugasemdir

3. gr.

- Engar athugasemdir

4. gr.

- Ákveðið var að breyta uppröðun í frumvarpinu frá því í fyrstu útgáfu.
- Ákveðið var að hafa upptalningu á því hverjir ættu málshöfðunarrétt inni í ákvæðinu.
- Ákveðið var að PÞ skoðaði hvort nauðsynlegt væri að fjalla um það hvort þeir sem hafa málshöfðunarrétt þurfi að vera sammála um málshöfðun.
- PÞ lagði til að b- og c-liðir 2. tölul. 242. gr. almennra hegningarlaga verði felldir brott. Rætt var um álitaefni sem geta skapast ef c-liðurinn yrði felldur brott. Nefndin var sammála um að rétt væri að fella þessa staflíði á brott.

5. gr.

- PÞ nefndi hvort fella ætti út orðið *æru* úr í b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga. Nefndin var sammála um það. PÞ ætlaði að fella það út.

6. gr.

- Engar athugasemdir

Greinargerð:

- Ákveðið var að geyma þá yfirferð.

Næstu skref:

- PÞ mun breyta þeim ákvæðum sem sátt var um að breyta.
- PÞ sendir hópnum eintak mánudaginn 8. febrúar 2016 og HHH mun senda drögin á Þórdísi Kolbrúnu, með það í huga að reyna að fá óformlega umsögn IRR.
- HHH sendir frumvarp til laga um breytingu á 233. gr. a til refsiréttarnefndar.
- HHH semur minnisblað um möglegar lagabreytingar varðandi gegnsæi og ákvarðanir um niðurfellingu málskostnaðar og veitingu áfrýjunarleyfa.
- Athugað verður hvort Þröstur sé tilbuinn að taka við frv. AÁ um gagnageymd og milliliðaábyrgð.
- EP sendir allar fundargerðir aftur. Meðlimir stýrihópsins senda athugasemdir á HHH tímanlega fyrir næsta fund, þar sem þær verða allar afgreiddar.
- Athuga hvort Þröstur sé tilbúinn að taka við vinnu AÁ um uppljóstun.

Næstu fundir ákveðnar:

- 25. febrúar, kl. 9-11
- 10. mars, kl. 9-11